

## Beinagrind

Dæmi um beinagrind meginmáls út frá efnisyfirlitunni: Lína Langsokkur er góð fyrirmynd. Meginmálið er í þremur köflum og búið er að ákveða innihald hvers kafla. Eftir er að vinna úr þessum atriðum, útskýra fræðikenningar og taka dæmi úr sögunni.

### 1. Hugmyndir um börn.

Upplýsing; fyrirmyndarbörn og vandræðabörn.

Rómantík; börn saklaus og óspillt af siðmenningu.

### 2. Samanburður á Línu og systkinunum Önnu og Tomma.

Anna og Tommi eru fyrirmyndarbörn.

Lína er „villimaður“ sem

- klæðist á óvenjulegan hátt.
- fylgir ekki óskráðum reglum um venjulega lífshætti.
- sýnir yfirvöldum ekki tilhlýðilega virðingu.
- lýgur og ýkir, snýr útúr, hræðir og stríðir.

### 3. Lína er góð fyrirmynd.

- Gagnrýnin.
- Skapandi og nýtin.
- Æðrulaus og sjálfri sér nóg.
- Lífsglöð og ánægð með sjálfa sig.
- Örlát og umhyggjusöm.
- Reynir ekki að troða lífsskoðunum sínum upp á aðra.

Borgarholtsskóli

Kennari: Jóna Jónsdóttir

Íslenska 633

*Fín fyrirmynd fyrir börn*

Reykjavík, 2. maí 2016

Guðbjörg Jónsdóttir

## Dæmi um inngang með efnisyfirlingum í lokin.

### Inngangur

Astrid Lindgren er án efa einn ástsælasti barnabókahöfundur í heimi. Hún fæddist árið 1907 á bænum Näs nálægt Vimmerby í Smálöndum í Svíþjóð og dó árið 2001, 94 ára að aldri. Eftir hana liggja um 40 barnabækur og fjöldinn allur af myndabókum. Um 40 kvikmyndir og sjónvarpsþættir hafa verið gerðir eftir sögum hennar og fjölmörg leikrit eða leikgerðir eftir verkum hennar verið sett á svið.

Árið 1958 fékk Astrid Lindgren orðu H.C. Andersen, en það er helsta viðurkenning barnabókahöfunda í heiminum, og átti hún þá óskrifadar margar af sínum vinsælustu sögum, eins og *Emil í Kattholti*, *Bróður minn Ljónshjarta* og *Ronju ræningjadóttur*.

Á opinberri heimasíðu Astridar Lindgren kemur fram að Astrid hafi fljótt sýnt rithöfundarhæfileika sína. Ritgerðir hennar voru lesnar upp í skólanum og þegar hún var 13 ára birtist ritgerð hennar í bæjarblaði. Henni var strítt á því og hún uppnefnd Selma Lagerlöf Vimmerbæjar. Það varð til þess að hún tók þá ákvörðun að verða ekki rithöfundur. Sú ákvörðun stóð óhöggð þar til hún var 37 ára og veik dóttir hennar vildi láta segja sér sögu. Þar með varð Lína Langsokkur til. Selma hélt áfram að spinna upp sögur af Línu sem vöktu mikla lukku hjá dótturinni og vinkonum hennar. Stuttu síðar fótbrotnaði Astrid og það var til þess að hún kom fyrstu sögunni um Línu á blað. Handritið sendi hún til útgefanda og því var fyrst hafnað en seinna gefið út breytt árið 1944 (*astridlindgren.se*, 2009)

Lína Langsokkur er ein frægasta persóna Astridar Lindgren. Hún er ellefu ára stelpa sem býr ein og hagar lífi sínu eftir eigin höfði. Margar barnabækur eru gegnsýrðar af siðferðislegum boðskap og einföldum hugmyndum um börn. Sagan um Línu hafnar slíkri einföldun og Lína Langsokkur er góð fyrirmynd, bæði fyrir börn og fullorðna.

óbein

Hér að neðan er kafli úr meginmáli ritgerðar um Línu langsokk. Í kaflanum eru dæmi um **stutta, beina tilvitnun og langa beina tilvitnun** í söguna.. Auk þess er **óbein tilvitnun** þar sem vitnað er í fræðigreini um Línu. Ef vitnað er í hluta málgreinar er úrfellingin táknuð með **þremur punktum**.

## Útlit og klæðaburður Línu er óvenjulegur

Lína býr í jaðri smábæjar og er jaðarstaða hennar táknræn þar sem hún sker sig úr í smábæjarsamfélaginu. Vinir hennar og nágrennar eru Tommi og Anna, dæmigerð fyrirmyndarbörn: „Þau voru mjög góð og hlýðin og vel uppalin börn ... Anna skældi aldrei þó henni væri bannað eitthvað og hún var alltaf voða fín í nettum, nýstraujuðum léreftskjólum sem hún passaði vel að ata ekki út“ (Lindgren 2007:10). Lína er algjör andstæða þeirra. Hún heitir mjög sérstöku nafni: Sigurlína Soðning Gluggablæja Hvannarót Eiríksdóttir Langsokkur. Hún er rauðhærð, freknótt og klæðaburður hennar er óvenjulegur. Kjólinn saumaði hún sjálf og lét ekki skort á efni hindra sig og heldur bætti við efni í öðrum lit. Hún er í ósamsamstæðum sokkum og alltof stórum skóm, virðir ekki reglur um hvernig eigi að setja föt saman. Skóna segir hún þægilega og lætur í því ekki norm samfélagsins um skóstærð þrengja að sér frekar en í öðru.

stutt  
bein

Í greininni Villta barnið og siðmenningin skoðar Katrín Jakobsdóttir Línu út frá rómantískum hugmyndum Rousseou um að börn séu saklaus og óspillt af siðmenningunni. Á ferðum sínum um heimsins höf hafi Lína sloppið undan heftandi hugmyndum samfélagsins og hún sé því mun meira skapandi en önnur börn (Katrín Jakobsdóttir 2008:55).

óbein

Lína er hugmyndarík og nýtin, býr til nýtt úr gömlu. Hún leikur sér með sjálfmynd sína og bregður sér í alls kyns gervi. Klæðir sig til dæmis upp fyrir kökuboðið hjá frú Seldal, móður Tomma og Önnu:

Aldrei þessu vant var hún með rauða hárið slegið og það féll um herðar hennar eins og ljónsmakki. Hún hafði litað varirnar á sér blóðrauðar með rauðkrít og borið sót í augabrynnar svo að hún var hálfhrikaleg útlits. Með rauðkrítinni hafði hún líka litað á sér neglurnar og á skóna hafði hún fest stórar, grænar silkirósir.  
„Ég gæti best trúað að ég yrði fínust af öllum í boðinu,“ tautaði hún ánægð við sjálfa sig um leið og hún hringdi dyrabjöllunni (Lindgren 2007: 81).

läng  
bein

Lína er harla ánægð með útlit sitt og er ánægja hennar öðrum til eftirbreytni. Sjálfsánægja hefur verið fordæmd og kölluð mont eða hroki en Lína er ánægð með að vera öðruvísi. Hún eltir ekki tískuna og lætur ekki skilgreina sig utanfrá. Rauðhærðu fólki og freknóttu hefur löngum verið strítt og kröfur um útlit hafa einnig haft enn meiri áhrif á stúlkur en drengi sem leiðir til óánægju og sjálfsgagnrýni. Fyrir unga lesendur er Lína því sérlega góð fyrirmynd.

**Dæmi um lokaorð sem byrja á niðurstöðu, þar sem efnið er dregið saman og efnisyrdingu svarað.**

### Lokaorð

Lína fellur ekki undir hefðbundna skilgreiningu á 11 ára fyrirmyndarbarni, og alls ekki fyrirmyndarstúlku. Þrátt fyrir það er Lína góð fyrirmynd og betri en þau góðu, lítillátu, hlýðnu og kurteisu börn sem við þekkjum úr barnabókum. Lína fylgir ekki reglum um lífshætti, hegðun og útlit og sýnir yfirvöldum ekki tilhlýðilega virðingu. Hún lýgur, ýkir og leikur sér með tungumálið á skáldlegan hátt. Hún er stolt af útliti sínu og sjálfri sér og biðst ekki afsökunar á einu eða neinu. Hún er ennfremur hugrökk, hika ekki við að glíma við sterkasta mann í heimi og leggur hann að velli. Þótt hún fari eigin leiðir þýðir það ekki að hugsji bara um sig og traðki jafnvel á öðrum. Þvert á móti er hún umhyggjusöm, gjafmild og góður vinur. Hún gefur án þess að krefjast neins.

Lína býr ofurmannlegum kröftum en eins og Mikael Tholander segir í grein sinni Lína langsokkur sem ofurmenni Nietzsches eru kraftarnir aukaatriði og andlegi styrkurinn aðalatriðið: „Hún er ofurmenni á annan hátt en líkamlegan. Hún er ofurmenni í afstöðu sinni og aðgerðum“ (Tholander 2001:18). Hér á Tholander við æðruleysi Línu, hvernig hún gæðir hversdagsleikann lífi og reynir aldrei að troða sínum skoðunum upp á aðra.

óbein

Astrid Lindgren skrifar Línu eins og aðrar bækur sínar frá sjónarhorni barna og tekur málstað barnsins. Lína dregur allt í efa, snýr hlutunum á hvolf og varpar oft spaugilegu ljósi á heim fullorðinna. Lína Langsokkur breytist ekki í sögunum, hún verður aldrei þrúð og pen sem betur fer. Átök sögunnar felast ekki í að siða hana heldur frekar að afsiða lesendurna. Allir hafa gott að því að líta hlutina öðrum augum, losa sig undan þeirri hugsun að lífið sé erfitt og reyna að skemmta sér meira.

Dæmi um heimildaskrá.

## Heimildaskrá

Katrín Jakobsdóttir. 2008. Villta barnið og siðmenningin. *Tímarit Máls og menningar* 1:46-56.

Lindgren, Astrid. 2007. *Lína Langsokkur. Allar sögurnar*. Þýð. Sigrún Árnadóttir. Mál og menning, Reykjavík.

Människan Astrid Lindgren. *astridlindgren.se*. Sótt 14. desember 2008 af <http://www.astridlindgren.se/>

Tholander, Michael. 2001. Lína langsokkur sem ofurmenni Nietzsches. Þýð. Hallgrímur Helgi Helgason. *Tímarit máls og menningar* 3:17-25.